



ÚRVINNSLUSJÓÐUR

RÁÐSTÖFUN SPILLIEFNA

**SKILMÁLAR FYRIR ÞJÓNUSTUADILA
OG
RÁÐSTÖFUNARAÐILA**

SKILMÁLAR NR.:

ÚRVS-01-2010



MANNVIT
VERKFRÆÐISTOFA

JÚNÍ 2010

EFNISYFIRLIT

1.	ALMENNT	1
1.1	FORSAGA	1
1.2	SKILGREININGAR HUGTAKA	1
1.3	YFIRLIT YFIR VERKEFNIÐ	3
1.4	VERKÞÆTTIR ÞJÓNUSTUAÐILA	4
2.	SKILMÁLAR FYRIR ÞJÓNUSTUAÐILA	6
2.1	ALMENNT	6
2.1.1	<i>Spilliefni og skil þeirra</i>	6
2.1.2	<i>Umsókn þjónustuaðila</i>	6
2.1.3	<i>Búnaður og aðstaða</i>	6
2.1.4	<i>Vinnu- og verklýsingar og innra eftirlit</i>	6
2.1.5	<i>Undirverktakar</i>	6
2.1.6	<i>Umhverfismál</i>	7
2.1.7	<i>Vafi um greiðsluskyldu</i>	7
2.1.8	<i>Ábyrgð og tryggingar</i>	7
2.1.9	<i>Umsjón og eftirlit</i>	7
2.1.10	<i>Lög og reglugerðir</i>	7
2.1.11	<i>Tungumál</i>	7
2.1.12	<i>Ágreiningsmál</i>	7
2.2	RÁÐSTÖFUNARLEIÐIR	8
2.2.1	<i>Ráðstöfunaraðilar</i>	8
2.2.2	<i>Erlendir ráðstöfunaraðilar</i>	8
2.3	GAGNASKRÁNING OG GREIÐSLUR	8
2.3.1	<i>Gagnaskráning</i>	8
2.3.2	<i>Gögn með reikningi - Greiðslur og reikningsskil</i>	8
2.3.3	<i>Vanefndir og uppsögn</i>	9
2.3.4	<i>Framvinda verks</i>	9
2.3.5	<i>Endurgjald til þjónustuaðila</i>	9
2.3.6	<i>Flutningsjöfnun</i>	10
3.	VERKLÝSING FYRIR ÞJÓNUSTUAÐILA	11
3.1	MÓTTAKA SPILLIEFNA	11
3.1.1	<i>Móttökueftirlit</i>	11
3.1.2	<i>Flutningsumbúðir og flutningsþyngd</i>	11
3.1.3	<i>Vigtun spilliefna</i>	12
3.1.4	<i>Skráning spilliefna</i>	12
3.2	MEÐHÖNDLUN SPILLIEFNA	12
3.2.1	<i>Sundurgreining</i>	12
3.2.2	<i>Vinnsla</i>	12
3.2.3	<i>Pökkun og sending efna til ráðstöfunaraðila</i>	13
3.3	RÁÐSTÖFUN SPILLIEFNA	13
3.4	UPPLÝSINGAGJÖF	13
3.5	FLUTNINGSJÖFNUN – TAFLA	16
3.6	GJALDSKRÁ	16
4.	SKILMÁLAR FYRIR RÁÐSTÖFUNARAÐILA	17
4.1.1	<i>Umsókn ráðstöfunaraðila</i>	17
4.1.2	<i>Ráðstöfun - Starfsleyfi</i>	17
4.1.3	<i>Tungumál</i>	17
4.1.4	<i>Greiðslur</i>	17
4.1.5	<i>Vanefndir og uppsögn</i>	17
4.1.6	<i>Umsjón og eftirlit</i>	17
5.	VIÐAUKAR	18
5.1	ÚR LÖGUM UM ÚRVINNSLUGJALD	18
5.2	FLÆÐIRIT – STÓR MYND.....	19

5.3	VERKÞÆTTIR ÞJÓNUSTUAÐILA – STÓR MYND.....	20
6.	EYÐUBLÖÐ.....	21
6.1	UMSÓKN ÞJÓNUSTUAÐILA TIL ÚRVINNSLUSJÓÐS	21
6.2	UMSÓKN RÁÐSTÖFUNARAÐILA TIL ÚRVINNSLUSJÓÐS.....	23

1. ALMENNT

1.1 Forsaga

Til Íslands er árlega flutt mikið magn ýmissa efna sem í heild sinni eða að hluta teljast spilliefni að aflokinni notkun. Talið er að spilliefni séu hættulegasti hluti úrgangs og nemi um 1,5% (vigt) af heildarúrgangi landsmanna. Til að standa undir kostnaði við skipulega söfnun og förgun spilliefna er lagt á sérstakt úrvinnslugjald með lögum nr. 162/2002, með síðari breytingum. Reglugerð nr. 1124/2005 ásamt viðbót, fjallar nánar um framkvæmd laganna. Úrvinnslusjóður annast framkvæmd laganna. Lögin má nálgast á vef Alþingis: www.althingi.is eða Úrvinnslusjóðs: www.urvinnslusjodur.is/. Ákvæði í skilmálum þessum, s.s. einingarverð, munu taka breytingum. Upplýsingum um slíkar breytingar verður komið á framfæri á vef sjóðsins.

1.2 Skilgreiningar hugtaka

Spilliefni eru skilgreind þannig í lögum 55/2003. “Úrgangur sem inniheldur efni sem haft geta mengandi eða óæskileg áhrif á umhverfið hvort sem þau eru óblönduð eða hluti af öðrum efnum, vörum eða umbúðum sem komist hafa í snertingu við spilliefni og skráð eru á lista í reglugerð um úrgang.”

VÖRUFLOKKUR	Nr. viðauka í lögum 162/2002
Olíuvörur	IV
Lífræn leysiefni	V
Halógeneruð efnasambönd	VI
Ísócýanöt og pólyúretön	VII
Málning	VIII
Prentlitir	IX
Rafhlöður og rafgeymar aðrir en blýsýrurafgeymar	X
Blýsýrurafgeymar	XI
Vörur í ljósmyndaiðnaði	XII
Kvikasilfursvörur	XIII
Varnarefni	XIV
Kælimiðlar	XV

Taflan sýnir þau spilliefni sem falla undir lög um úrvinnslugjald. Athuga skal að taflan tekur breytingum samkvæmt lögum og reglugerðum á hverjum tíma.

- **Vöruflokkar** eru skilgreindir í lögum 162/2002, með síðari breytingum.
- **Þjónustuaðili** er hver sá sem þjónar Úrvinnslusjóði við endurnýtingu og/eða förgun spilliefna. Hann sækir spilliefni til söfnunarstöðva. Hann tekur einnig við spilliefnum frá þeim aðilum sem óska að skila beint til þjónustuaðila. Þjónustuaðilinn annast móttöku eftirlit, flokkun, vigtun og skráningu. Hann forvinnur og ráðstafar síðan forunnum efnum í viðurkennda farvegi
- **Ráðstöfunaraðili** er sá sem tekur við spilliefnum til endanlegrar endurnýtingar eða förgunar. Hann getur verið t.d. endurvinnsluaðili, endurnýtingaraðili eins og t.d. (sorp)brennslustöðvar eða sementsverksmiðja, sérhæfður eyðingaraðili fyrir spilliefni eða sérhæfður urðunarstaður fyrir spilliefni, háð eðli spilliefnanna. Ráðstöfunaraðilar skulu vera skráðir hjá Úrvinnslusjóði sem viðurkenndir ráðstöfunaraðilar spilliefna. Lista yfir ráðstöfunaraðila er að finna á vef Úrvinnslusjóðs, www.urvinnslusjodur.is. Ráðstöfunaraðili getur ekki jafnframt verið þjónustuaðili.
- **Starfsstöð þjónustuaðila** er varanlegt vinnusvæði þar sem hann hefur vélbúnað sinn og starfsemi hans (sbr. ofangreint) fer fram. Þjónustuaðili skal taka við

spilliefnum í starfsstöð sinni, frá fyrirtækjum, stofnunum, sveitarfélögum og sorpsamlögum.

- **Endurnotkun:** Endurtekin notkun úrgangs í óbreyttri mynd.
- **Endurvinnsla:** Aðferð eða sú stefna að nýta hluta sorps til að búa til nýtilegt efni með því markmiði að minnka þörf á nýjum hráefnum og minnka mengun.
- **Endurnýting:** Hvers konar nýting úrgangs, önnur en endurnotkun, þ.m.t. endurvinnsla og orkuvinnsla. Brennsla er endurnýting svo fremi sem orkan sé nýtt á hagnýtan hátt.
- **Förgun:** Aðgerð eða ferli þegar úrgangi er umbreytt og/eða komið fyrir varanlega, svo sem urðun og brennsla í þar til gerðri brennslustöð.
- **Móttökustöð:** Samkvæmt skilgreiningu í lögum um úrvinnslugjald er móttökustöð „staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi til geymslu til lengri eða skemmri tíma, til umhleðslu, flokkunar eða annarrar meðhöndlunar. Þaðan fer úrgangurinn til förgunar, endurnýtingar, endurnotkunar eða honum er fargað á staðnum. Undir móttökustöð falla flokkunarmiðstöðvar og förgunarstaðir.“
- **Söfnunarstöð** (gámastöð): „Staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi frá almenningi og/eða smærri fyrirtækjum. Þaðan fer hann til endurnotkunar og endurnýtingar eða er fluttur til móttökustöðva“.
- **Úrgangshafi** er framleiðandi úrgangs eða sá sem hefur úrgang í vörslu sinni.

Önnur helstu hugtök eru skilgreind í 2. grein laga 162/2002 og í lögum 55/2003.

Aðferðir við endurnýtingu verða að vera viðurkenndar af þar til bærum yfirvöldum og starfsleyfi ásamt starfsleyfisskilyrðum að liggja fyrir.

1.3 Yfirlit yfir verkefnið

Verkefnið felst í viðeigandi úrvinnslu eða eyðingu spilliefna þannig að ekki stafi hættu af þeim.


Söfnunarstöðvar eru staðir þar sem tekið er við úrgangi frá almenningi og/eða smærri fyrirtækjum, þar með talið spilliefnum. Þaðan fer úrgangurinn til endurnotkunar og endurnýtingar eða er fluttur til móttökustöðva. Á söfnunarstöðvum er tekið við spilliefnum, þau forflokkuð, geymd og afhent þjónustuaðilum Úrvinnslusjóðs.

Þjónustuaðilar taka við spilliefnum frá söfnunarstöðvum og rekstraraðilum. Þjónustuaðila er skylt að taka á móti og ráðstafa efnum úr öllum flokkum sem skilgreind eru sem spilliefni.

Flæðiritið að neðan sýnir hvernig fyrirkomulagi er háttað. Þar sjást meginþættir þess ferlis sem tekur við eftir að notandi losar sig við spilliefni á söfnunarstöð eða til þjónustuaðila.

Fleiri en einn þjónustuaðili getur þjónað Úrvinnslusjóði – ekki eru neinar hömlur á fjölda þeirra. Með samningi um þjónustu skuldbindur þjónustuaðili sig til að taka við öllum spilliefnum sem til hans berast, gildir þá einu hvort fleiri aðilar hafi samning við Úrvinnslusjóð. Samningar milli einstakra fyrirtækja/sorpsamlaga og þjónustuaðila eru á ábyrgð samningsaðila og án aðkomu Úrvinnslusjóðs.

Úrvinnslusjóður hefur sett þessar verklagsreglur og skilmála fyrir þá, sem óska eftir að þjóna sjóðnum við endurnýtingu/förgun spilliefna. Einnig hefur sjóðurinn ákveðið endurgjald fyrir þá þjónustu, [kr/kg], fyrir mismunandi vöruflokka. Gildandi gjaldskrá [einingarverð] er að finna á vef Úrvinnslusjóðs, www.urvinnslusjodur.is



Stærri afrit flæðirits er að finna í kafla 5.2

Þjónustuaðili er viðsemjandi Úrvinnslusjóðs.

Þjónustuaðilinn gerir samninga við ráðstöfunaraðila og sér um greiðslur til þeirra. Þjónustuaðilinn sækir spilliefni til söfnunarstöðva og tekur við spilliefnunum frá þeim sem til hans leita, kannar innihald, flokkar, vigtar, skráir upplýsingar og kemur síðan efnunum í farvegi endurnýtingar, endurvinnslu, endurnotkunar eða förgunar, sem viðurkenndir eru, allt eftir eðli þeirra.

Þjónustuaðilinn fær greitt frá Úrvinnslusjóði samkvæmt magni [kg] þegar staðfesting ráðstöfunaraðila á móttöku liggur fyrir. Hann fær einnig greidda flutningsjöfnun samkvæmt reglum þar um.

Þjónustuaðili greiðir söfnunarstöðvum fyrir þjónustu þeirra samkvæmt samningum milli stöðvanna og þjónustuaðila. Slíkir samningar eru Úrvinnslusjóði óviðkomandi. Áður greiddi Úrvinnslusjóður beint til söfnunarstöðvanna en þær greiðslur hafa nú verið felldar inn í greiðslur til þjónustuaðilanna.

Þjónustuaðili skal halda skrá yfir magn einstakra spilliefna sem hann tekur á móti og ráðstafar.


Í kafla 1.4 er verkþáttum þjónustuaðila lýst á myndrænan hátt.

Í kafla 2 eru skilmálar fyrir þjónustuaðila og í kafla 3 er verklýsing fyrir þjónustuaðila. Kafla 4 inniheldur skilmála fyrir ráðstöfunaraðila.

Ekki er sérstök verklýsing fyrir ráðstöfunaraðila enda gert ráð fyrir að hver og einn hafi sitt verklag og tilheyrandi starfsleyfi. Í kafla 5 eru viðaukar og töflur en eyðublöð eru í kafla 6.

1.4 Verkþættir þjónustuaðila

Myndin að neðan lýsir verkþáttum þjónustuaðila.



Stærra afrit flæðiritis er að finna í kafla 5.3

Móttökueftirlit felst í að kanna ástand þeirra spilliefna sem berast. Hér skal t.d. meta pökkun og frágang frá hendi sendanda/úrgangshafa. Sjá nánari lýsingu í kafla 3.1.1.

Vigtun felst í að vigta hverja sendingu af einstökum spilliefnaflokkum. Sjá nánari lýsingu í kafla 3.1.3.

Skráning felst í skráningu grunnupplýsinga sem Úrvinnslusjóður gerir kröfu um í skýrslugjöf til sjóðsins. Sjá nánari lýsingu í kafla 2.3.

Sundurgreining felst í að flokka efni frá sem ekki þurfa nauðsynlega að fara í sérstaka spilliefnaeyðingu. Ljóst er að við frumflokkun hjá úrgangshöfum og/eða á söfnunarstöðvum mun alltaf eitthvað verða flokkað sem spilliefni sem í raun er annað t.d. umbúðir.

Upplýsingagjöf er sérstaklega fjallað um í kafla 2.3

Þjónustuaðili skal halda skrá yfir allar móttæknar sendingar (móttækin efni) þar sem skráðar eru lágmarksupplýsingar um sendanda, magn og ástand vöru við móttöku.

Þessar upplýsingar, sem geta t.d. verið hluti af gæðakerfi þjónustuaðila, skulu geymdar í minnst 7 ár frá móttöku. Upplýsingarnar skulu á hverjum tíma vera aðgengilegar fulltrúa Úrvinnslusjóðs og/eða eftirlitsmönnum hans.

2. SKILMÁLAR FYRIR ÞJÓNUSTUAÐILA

2.1 Almennt

2.1.1 Spilliefni og skil þeirra

Í lýsingu þessari teljast „spilliefni” vera þau efni sem, sem falla undir lög nr. 162/2002, með síðari breytingum, viðauka IV, V, VI, VII, VIII, IX, X XI, XII, XIII, XIV og XV.

Á söfnunarstöðvum er meðal annars tekið á mótí spilliefnum. Þjónustuaðili sækir spilliefni til söfnunarstöðva. Fyrirtæki skila spilliefnum til þjónustuaðila sem skylt er að taka á mótí þeim, enda sé frágangur þeirra fullnægjandi.

2.1.2 Umsókn þjónustuaðila

Þeir sem hyggjast gera þjónustusamning við Úrvinnslusjóð eiga að sækja um til sjóðsins að fá að vera þátttakendur í verkefninu. Allar umbeðnar upplýsingar (sjá umsóknareyðublað) skulu fylgja umsókn. Umsóknareyðublað og samningsform er í kafla 6.1. Farið verður með allar framlagðar upplýsingar sem trúnaðarmál. Umsækjendur skulu vera í skilum með opinber gjöld og í skilum við lífeyrissjóði starfsmanna sinna.

2.1.3 Búnaður og aðstaða

Þjónustuaðili skal leggja til og útvega allan búnað, aðstöðu og annað sem þarf til að framkvæma verkið samkvæmt verklýsingu og skilmálum.

Hann skal hafa fasta starfsstöð með gildandi starfsleyfi. Í starfsstöð skal vera aðstaða til að taka á mótí spilliefnum frá stærri aðilum sem þar óska eftir að losna við spilliefni. Skylt er að taka við öllum spilliefnum sem falla undir lög um úrvinnslugjald.

Ekki er gerður greinarmunur á því hvort þjónustuaðili notar eigin tæki, flutningatæki og mannskap eða hvort hann nýtir sér undirverktaka. Sjá kafla 2.1.5. um undirverktaka. Þjónustuaðili stendur sjálfur skil á greiðslum til undirverktaka. Um vigtun spilliefna vísast til kafla 3.1.3.

2.1.4 Vinnu- og verklýsingar og innra eftirlit

Þjónustuaðilinn skal hafa skráðar vinnu- og verklýsingar sem starfað er eftir. Reglurnar, sem geta verið hluti af gæðakerfi þjónustuaðila, skulu endurskoðast eins oft og þurfa þykir, t.d. vegna nýrra laga og reglugerða sem og reynslu og/eða nýrrar þekkingar. Skulu reglurnar vera aðgengilegar öllum starfsmönnum þjónustuaðilans og þeim rækilega kynntar. Úrvinnslusjóður skal fá afrit af reglunum með samningi og nýtt afrit ef breytingar verða á þeim.

Þjónustuaðili skal hafa í þjónustu sinni sérfræðing(a) með sérþekkingu á þeim efnaflökkum sem þjónustuaðilinn annast móttöku á. Sérfræðingurinn þarf ekki að vera fastur starfsmaður en hann skal koma reglulega að starfsemi sinni og vera til reiðu þegar vafaatriði koma upp. Í vinnu- og verklýsingum þjónustuaðila skal þessi aðkoma skilgreind.

2.1.5 Undirverktakar

Þjónustuaðila er óheimilt án samþykkis Úrvinnslusjóðs að láta þriðja aðila ganga inn í verkefni sitt, allt eða að hluta, í sinn stað. Hins vegar er þjónustuaðila heimilt að nýta þjónustu annarra fyrirtækja sem þá eru undirverktakar hans. Undirverktakar eru ábyrgir gagnvart þjónustuaðilanum en þjónustuaðilinn er ábyrgur gagnvart Úrvinnslusjóði. Öll ákvæði skilmála gilda jafnt um þjónustuaðila og undirverktaka hans.

Ef þjónustuaðili hyggst fá undirverktaka til verkefnisins skal hann tilkynna Úrvinnslusjóði það á sannanlegan hátt.

Þrátt fyrir að þjónustuaðili sé ekki „verktaki“ Úrvinnslusjóðs í venjulegri merkingu þess orðs er orðið „undirverktaki“ notað hér um aðila sem þjónustuaðilinn lætur vinna verkið fyrir sig.

2.1.6 Umhverfismál

Þjónustuaðili skal í hvívetna gera sér far um að ná sem bestum árangri við framkvæmd verkefnisins, ásamt því að ganga vel um öll athafnasvæði. Þjónustuaðili skal hafa skráða gæðastefnu og umhverfisstefnu, aðgengilega fyrir viðsemjendur sína, viðskiptavini og starfsmenn.

2.1.7 Vafi um greiðsluskyldu

Ef vafi leikur á um greiðsluskyldu Úrvinnslusjóðs vegna móttækinna spilliefna skal gera starfsmönnum Úrvinnslusjóðs viðvart og verður þá gripið til viðeigandi ráðstafana. Sjá kafla 3.1.1.

2.1.8 Ábyrgð og tryggingar

Þjónustuaðili ber ábyrgð á verkefninu og framkvæmd þess, þar með töldum verkum hugsanlegra verktaka sinna. Þjónustuaðili ber einnig ábyrgð á tjóni er Úrvinnslusjóður eða þriðji aðili kann að verða fyrir við framkvæmd verksins.

Þjónustuaðili skal kaupa allar skyldutryggingar sem lög og reglugerðir kveða á um.

Þjónustuaðili skal að lágmarki kaupa eftirtaldar tryggingar:

- Ábyrgðartryggingu vegna tjóns sem þriðji aðili kann að verða fyrir vegna starfsemi þjónustuaðila og vinnu starfsmanna hans.
- allar tryggingar vegna starfsmanna sinna í samræmi við ákvæði kjarasamninga, að lágmarki.

Þjónustuaðili skal afhenda Úrvinnslusjóði afrit af öllum tryggingarskírteinum ásamt staðfestingu viðkomandi tryggingafélags á gildi þeirra, verði þess óskað. Spilliefni sem eru á athafnasvæði þjónustuaðila eða í umsjá hans eru á ábyrgð þjónustuaðila.

Ofangreindar tryggingar breyta engu um tryggingu sem Umhverfisstofnun krefst vegna útflutnings spilliefna.

2.1.9 Umsjón og eftirlit

Umsjón og eftirlit með verkinu verður í höndum Úrvinnslusjóðs og fulltrúa hans. Umsjónar- og eftirlitsmenn Úrvinnslusjóðs skulu ávallt hafa ótakmarkaðan aðgang að vinnusvæðum þjónustuaðila. Úrvinnslusjóður mun á samningstíma athuga uppgjör, vigtun og annan frágang þjónustuaðila.

2.1.10 Lög og reglugerðir

Þjónustuaðilar lúta í einu og öllu íslenskum lögum og reglugerðum. Þeir skulu á hverjum tíma vera í skilum með lögboðin iðgjöld í lífeyrissjóði og er Úrvinnslusjóði heimilt að kanna það á hverjum tíma.

2.1.11 Tungumál

Allar upplýsingar um þjónustuaðila og samskipti við hann skulu vera á íslensku. Upplýsingar um tækjabúnað mega vera á ensku, dönsku, norsku, eða sænsku.

2.1.12 Ágreiningsmál

Málum sem kunna að rísa út af verkefni þessu skal vísa til Héraðsdóms Reykjavíkur.

2.2 Ráðstöfunarleiðir

Í fyrstu grein laga nr. 162/2002 segir: „Markmið laga þessara er að skapa hagræn skilyrði fyrir endurnotkun og endurnýtingu úrgangs í þeim tilgangi að draga úr magni úrgangs sem fer til endanlegrar förgunar og tryggja viðeigandi förgun spilliefna.“

Þjónustuaðili skal koma spilliefnum í hvern þann farveg sem talist getur heppileg endurnýting/endurnotkun/förgun fyrir hvern spilliefnaflokk. Honum er frjálst að velja þá aðferð sem hann telur hagkvæmasta, en hann skal þó geta sýnt fram á að meðhöndlun hans uppfylli skilyrði umhverfis-, heilbrigðis- og skipulagsyfirvalda.

Líklegt er að við flokkun hjá þjónustuaðila falli til nokkuð af endurnýtanlegum efnum. Endurnýting er heimil svo fremi sem þjónustuaðili sýni fram á að spilliefnunum sjálfum sé fargað á viðurkenndan hátt. Með orðunum „viðurkenndan hátt“ er átt við aðferðir sem viðurkenndar eru af þar til bærum yfirvöldum. Takist þjónustuaðila að finna ráðstöfunarleið sem gefur honum tekjur skerðir það ekki greiðslur samkvæmt skilmálum Úrvinnslusjóðs fyrir þjónustuaðila.

2.2.1 Ráðstöfunaraðilar

Þjónustuaðila er einungis heimilt að ráðstafa spilliefnum til viðurkenndra ráðstöfunaraðila, sjá grein 1.2. Þjónustuaðili semur um greiðslur til ráðstöfunaraðilans fyrir móttöku og stendur skil á þeim.

Ráðstöfunaraðili t.d. sorpbrennslustöð, urðunarstaður eða sérhæfður eyðingaraðili, þarf að hafa öll tilskilin leyfi fyrir starfsemi sinni.

Hyggist þjónustuaðili skipta við ráðstöfunaraðila sem ekki er á skrá Úrvinnslusjóðs skal sá ráðstöfunaraðili sækja um skráningu hjá sjóðnum. Skilmála fyrir ráðstöfunaraðila er að finna í kafla 4.

Að öðru leiti vísast til kafla 2.3 Gagnaskráning og greiðslur.

2.2.2 Erlendir ráðstöfunaraðilar

Útflutningur spilliefna er háður leyfi, vinnureglum og kröfum Umhverfisstofnunar.

Skilyrði er að endanlegur móttakandi erlendis sé skráður sem ráðstöfunaraðili hjá Úrvinnslusjóði. Þjónustuaðili semur við erlendan ráðstöfunaraðila um greiðslur fyrir móttöku og vinnsluna og stendur skil á þeim. Þjónustuaðilinn greiðir allan kostnað við útflutning og vinnslu.

Að öðru leiti vísast til kafla 2.3 Gagnaskráning og greiðslur.

2.3 Gagnaskráning og greiðslur

2.3.1 Gagnaskráning

Þjónustuaðili skal halda skrá yfir móttekið og ráðstafað magn spilliefna. Skráningu skal skila til Úrvinnslusjóðs á þar til gerðu skilagreinaformi.

2.3.2 Gögn með reikningi - Greiðslur og reikningsskil

Greitt verður fyrir verkið eftir framlögðum reikningum þjónustuaðila [kr/kg], samkvæmt gjaldskrá Úrvinnslusjóðs. Magntölur skulu vera staðfestar af ráðstöfunaraðilum.

Flutningsjöfnun er greidd eftir framlögðum reikningum þjónustuaðila [kr/kg], samkvæmt gjaldskrá Úrvinnslusjóðs – sjá nánar kafla 2.3.6

Með reikningi skal alltaf fylgja uppgjör sem gert er á staðlað form Úrvinnslusjóðs. Formið sem er töflureiknir er á vef sjóðsins. <http://www.urvinnslusjodur.is> Ítarlegar leiðbeiningar eru í skilagreinaforminu og gjaldskrá Úrvinnslusjóðs eins og hún er á hverjum tíma. Vegna gjaldskrár og hugsanlegra breytinga skal sækja nýtt eintak í hvert sinn sem gerð er skilgrein.

Innlendur ráðstöfunaraðili:

Með reikningum fyrir spilliefni sem fara til ráðstöfunaraðila innanlands skal fylgja:

- Undirrituð og dagsett móttökustaðfesting frá ráðstöfunaraðila.
- Upplýsingar um magn og tegund úrgangs sem um ræðir

Einingarverð endurgjalds miðast dagsetningu brottfarar skips eins og hún er gefin upp á útflutningsleyfi (Annex 1B).

Erlendur ráðstöfunaraðili:

Með reikningum fyrir spilliefni sem eru flutt úr landi skal í hvert sinn fylgja:

- Undirrituð og dagsett móttökustaðfesting frá ráðstöfunaraðila.
- Upplýsingar um magn og tegund úrgangs sem um ræðir.
- Afrit af útflutningsleyfi (Annex 1B).

Einingarverð endurgjalds miðast við dagsetningu brottfarar skips eins og hún er gefin upp á útflutningsleyfi (Annex 1B).

2.3.3 Vanefndir og uppsögn

Þjónustuaðili skal í einu og öllu rækja samningsskyldur sínar samkvæmt skilmálum þessum. Komi til vanefnda er Úrvinnslusjóði heimilt að fella niður greiðslur eða beita öðrum lögformlegum vanefndaúrræðum.

Verði Úrvinnslusjóður fyrir tjóni af völdum vanefnda þjónustuaðila er þjónustuaðilinn að fullu ábyrgur gagnvart sjóðnum vegna þessa samkvæmt ákvæðum skaðabótalaga.

Leiti þjónustuaðili nauðasamninga, greiðslustöðvunar, er úrskurðaður gjaldþrota eða gert hjá honum árangurslaust fjárnám, getur Úrvinnslusjóður án frekari fyrirvara sagt upp samningi við hann. Komi til uppsagnar er ráðstöfun uppsafnaðra spilliefna hjá þjónustuaðila á hans ábyrgð.

Verði um ítrekaðar vanefndir af hálfu þjónustuaðila að ræða er Úrvinnslusjóði heimilt að segja upp samningi, með 3ja mánaða fyrirvara. Skal þjónustuaðili strax við uppsögn samnings hætta móttöku spilliefna, en hefur síðan 3 mánuði til að losa sig við spilliefni sem kunna að vera í hans vörslu, í samræmi við gildandi lög um meðhöndlun úrgangs.

Dæmi um hugsanlegar aðgerðir er skoðast sem vanefndir:

- Ítrekaðar rökstuddar kvartanir úrgangshafa varðandi þjónustu.
- Skilagreinum með reikningum er ítrekað ábótavant.
- Spilliefnum er ráðstafað til annarra en viðurkenndra og skráðra ráðstöfunaraðila.
- Verklagsreglum ekki framfylgt.

2.3.4 Framvinda verks

Þjónustuaðili skal kappkosta að vinna/farga spilliefnum jafnóðum og þau berast. Í starfsleyfi þjónustuaðila geta verið takmarkanir yfirvalda á leyfðu magni tiltekinna efna, sem eru í umsjá þjónustuaðila, á hverjum tíma.

Ef meira magn safnast, en starfsleyfi heimilar, skal þjónustuaðili gera grein fyrir því. Án ásættanlegra skriflegra útskýringa þjónustuaðila og samþykkis þar til bærra yfirvalda, áskilur Úrvinnslusjóður sér rétt til að stöðva greiðslur til hans.

2.3.5 Endurgjald til þjónustuaðila

Greiðslur til þjónustuaðila verða samkvæmt gjaldskrá Úrvinnslusjóðs. Gildandi gjaldskrá á hverjum tíma er að finna á vef Úrvinnslusjóðs, www.urvinnslusjodur.is.

2.3.6 Flutningsjöfnun

Auk endurgjalds samkvæmt gjaldskrá sem vísað er til í kafla 2.3.5 verður greitt tilleggi til flutningsjöfnunar. Flutningsjöfnun er bæði háð staðfestum uppruna spilliefna og tegund spilliefna. Greidd er flutningsjöfnun miðað við þá flutningsleið sem ódýrust er talin.

Við ákvörðun flutningsjöfnunar hefur verið tekið tillit til þyngdar viðurkenndra flutningsumbúða í flutningi spilliefna og tillit til kostnaðar við flutning tómrar umbúða til baka.

Ekki er þannig skilyrt að spilliefnin verði flutt til umræddra ráðstöfunarstaða en flutningsjöfnunin verður miðuð við þá.

Almennt gildir að greitt er fyrir flutning spilliefna frá upprunastað til Reykjavíkur. Fyrir smurólíu er greidd flutningsjöfnun til Reykjavíkur og Akureyrar. Greitt er miðað við flutning til þess staðar sem ódýrara er að flytja efnin.

Flutningsjöfnun og endurgjald verða uppfærð í skilagreinarformi, þegar breytingar verða. Því er mikilvægt að sækja hverju sinni nýtt form fyrir skilagrein hverju sinni á vef Úrvinnslusjóðs, www.urvinnslusjodur.is.

Töflu sem sýnir flutningsjöfnun, [kr/kg] háð upprunastað og flokki spilliefna er að finna í kafla 3.5. Kostnaður við flutning viðurkenndra flutningsumbúða, fram og til baka, er innifalinn. Þyngd flutningsumbúða skal ekki reikna með þyngd spilliefna.

3. VERKLÝSING FYRIR ÞJÓNUSTUAÐILA

3.1 Móttaka spilliefna

Hvort sem spilliefni eru sótt til söfnunarstöðvar eða berast beint til þjónustuaðila skal þjónustuaðillinn fylgja ákveðnu skráðu verklagi sem innifelur móttökueftirlit, meðhöndlun, ráðstöfun og upplýsingagjöf. Úrvinnslusjóður getur skilgreint frekari kröfur um móttöku ef ástæða er til. Slíkar breytingar birtast á vef sjóðsins.

Þjónustuaðili getur látið hluta af sínu móttökueftirliti, sjá 3.1.1 fara fram hjá söfnunarstöð um leið og hann sækir spilliefni þangað.

Spilliefni frá hverri söfnunarstöð skal vigta á löggiltri vog.

3.1.1 Móttökueftirlit

Þegar þjónustuaðili tekur við sendingu spilliefna skal hann að lágmarki uppfylla eftirfarandi:

1. Kanna hvort móttækin efni teljast til spilliefna sem lagt er á úrvinnslugjald og hvort um er að ræða hefðbundna spilliefnaafganga sem Úrvinnslusjóður hefur greiðsluskyldu fyrir. Ef móttækið efni er ekki úrvinnslugjaldsskyld, eða ekki eru um hefðbundna spilliefnaafganga að ræða, skal úrgangshafa tilkynnt það og honum boðið að taka efnið aftur eða greiða fyrir móttöku og ráðstöfun.

Úrvinnslugjald sem er lagt á vörur, sem geta orðið að spilliefnum, er grundvallað á hefðbundnum vöruafgöngum sem til falla. Ef ekki er um hefðbundna vöruafganga að ræða; svo sem að vara berist í óáteknum umbúðum, t.d. vegna þess að sölutími er útrunninn, varan álitin ósöluhæf eða ónothæf vegna galla eða skemmda; er móttaka spilliefna ekki greiðsluskyld af Úrvinnslusjóði. Við skil á spilliefnahafi þó rétt á greiðsluþátttöku Úrvinnslusjóðs sem nemur álögðu úrvinnslugjaldi. Á það við þar sem upphæð úrvinnslugjalds er ákvörðuð miðað við að einungis hluti af vöru verður að spilliefni að notkun lokinni.

2. Sérákvæði um smurolíur. Aðeins er ætlast til þess að þjónustuaðili taki við úrgangs smurolíu sem berst í smáílátum, samkvæmt skilmálum þessum. Um skil á úrgangssmurolíu í 200 lítra tunnum eða stærri umbúðum gilda sérákvæði, vegna samnings Úrvinnslusjóðs við olíufélagið Skeljung hf. og Olíudreifingu ehf. Samkvæmt þeim samningi er smurolía í 200 lítra tunnum eða í geymum sótt til úrgangshafa. Þó er ekki gert ráð fyrir að sótt sé minna magn en 400 lítrar hverju sinni. Fyrirkomulagið er í hagræðingarskyni og er eina tilvikið þar sem af hálfu Úrvinnslusjóðs er sérstaklega gert ráð fyrir að úrgangur sé sóttur til úrgangshafa. Nánari lýsingu er að finna á vef Úrvinnslusjóðs, www.urvinnslusjodur.is. Með hliðsjón af ofangreindu ber þjónustuaðila að vísa úrgangshöfum, sem eru með úrgangssmurolíu í slíku magni, til þjónustuaðila ofangreinds samnings. Skrá yfir þá er á vef Úrvinnslusjóðs, www.urvinnslusjodur.is.
3. Senda úrgangshafa skilaboð ef vara telst ekki uppfylla ofangreind skilyrði. Senda skal Úrvinnslusjóði afrit af öllum slíkum skilaboðum.
4. Ef ástæða þykir til skal fara fram ítarleg skoðun á efnun. Fulltrúi Úrvinnslusjóðs skal þá skera úr um vafaatriði.

3.1.2 Flutningsumbúðir og flutningsþyngd

Spilliefni ber að flytja í viðurkenndum umbúðum. Umbúðir sem samanstanda af móttökukerjum úr plasti og stálkerjum með þéttu loki, sem plastkerin eru sett ofan í til flutnings, hafa hlotið viðurkenningu Umhverfisstofnunar og heilbrigðisfulltrúa víða um land. Umbúðir þessar eru margnota og þarf að öllu jöfnu að flytja þau tóm til baka. Þyngd umbúða skal eðlilega ekki vera meðtalin í uppgefinni þyngd spilliefna en hins vegar er tekið tillit til þyngdar umbúða og flutnings tómrar umbúða í flutningjöfnun – sjá kafla 2.3.6

3.1.3 Vigtun spilliefna

Spilliefni frá hverri söfnunarstöð og spilliefni sem einstök fyrirtæki skila til þjónustuaðila skal vigta á löggilttri vog. Þyngdina skal gefa upp í skrá fyrir mótttekið magn hvers flokks.

Staðfesting ráðstöfunaraðila á móttöku spilliefna er grundvöllur fyrir greiðslu til þjónustuaðila.

Þessi vog getur verið hvort sem er löggilt vog í starfsstöð ráðstöfunaraðilans eða önnur löggilt vog, sem samningaðilar verða fyrirfram ásáttir um að nota.

Þjónustuaðili greiðir kostnað vegna viktunar í öllum tilfellum. Vigtun spilliefna sem flutt eru úr landi skal fara fram á Íslandi en einnig hjá ráðstöfunaraðilanum sem gefur endanlega staðfestingu á móttæknu magni.

3.1.4 Skráning spilliefna

Þjónustuaðili skal halda skrá yfir þau efni sem hann tekur á móti, frá hverjum þau koma og hvernig efnum er ráðstafað. Þjónustuaðili skal fá samþykki Úrvinnslusjóðs fyrir skráningarkerfi sínu.

3.2 Meðhöndlun spilliefna

Meðhöndlun spilliefna, eftir að þau berast til þjónustuaðila, felst í aðalatriðum í að sundurgreina, pakka til flutnings og senda efni til viðeigandi ráðstöfunaraðila. Einnig er möguleiki á frekari vinnslu.

3.2.1 Sundurgreining

Með sundurgreiningu er í öllum tilvikum átt við fráflokkun hluta sem augljóst er að ekki eiga erindi inn í kerfið. Efni sem flokkast þannig frá skal skilað til úrgangshafa eða því fargað á kostnað hans. Þetta ættu að vera undantekningartilfelli.

Ef ekkert annað er gert mun magn sem berst til þjónustuaðila og magn sem hann sendir áfram til ráðstöfunaraðila spilliefna verða það sama (til lengri tíma litið).

Sundurgreining þjónustuaðila felst í því að setja allt efni sem teljast rafhlöður í einn farveg og allt sem tilheyrir olíumálningu í annan farveg, svo dæmi séu tekin.

Reikningar til Úrvinnslusjóðs verða til lengri tíma litið fyrir sama magn [kg] og berst þjónustuaðilanum.

3.2.2 Vinnsla

Hluti þeirra efna sem berast þjónustuaðila getur verið samsett úr spilliefnum sem þarf að eyða og endurnýtanlegum efnum. Þjónustuaðilanum er heimilt að sundurgreina spilliefni og nýtanleg efni og ráðstafa nýtanlegu efnunum til hvers sem er og jafnvel þiggja greiðslu fyrir. Þannig má sem dæmi vinna leysiefni og brotajárn úr málningarafgöngum sem berast í járndósum. Grauturinn/þykknið sem eftir situr fer síðan í eyðingu hjá viðurkenndum ráðstöfunaraðila spilliefna. Reikningur til Úrvinnslusjóðs verður þannig fyrir grautinn/þykknið annars vegar og umbúðir hins vegar.

Sækja þarf sérstaklega um leyfi Úrvinnslusjóðs til að fara þessa leið. Þjónustuaðili skal með umsókn sinni lýsa hvernig staðið er að vinnslunni og hvernig hann mun ráðstafa hverjum hluta. Gagnsæi og rekjanleiki efnisstrauma verður að liggja fyrir. Staðfesting Úrvinnslusjóðs verður að liggja fyrir áður.

Hagkvæmnimat þjónustuaðila hverju sinni ræður hvort og þá hvernig hann forvinnur efnin áður en hann sendir þau áfram til viðeigandi ráðstöfunaraðila.

3.2.3 Pökkun og sending efna til ráðstöfunaraðila

Þjónustuaðili skal pakka efnum sem senda á til ráðstöfunaraðila í umbúðir sem uppfylla kröfur flutningsaðila og yfirvalda. Pökkun spilliefnasendinga er á ábyrgð þjónustuaðila.

Þjónustuaðili ber allan kostnað af sendingu spilliefna til ráðstöfunaraðila og einnig hugsanlegan kostnað af sendingu tómra umbúða til baka. Hann skal hafa gildar tryggingar og leyfi Umhverfisstofnunar ef um útflutning er að ræða.

Flutningsaðila ber að hafa öll tilskilin leyfi, t.d. starfsleyfi frá heilbrigðisnefnd, ADR réttindi og leyfi brunamálayfirvalda. Gagnvart Úrvinnslusjóði er þjónustuaðili ábyrgur fyrir því að flutningsaðili hafi tilskilin leyfi til flutninga spilliefna.

3.3 Ráðstöfun spilliefna

Ráðstöfun spilliefna felst í að koma spilliefnum til viðurkenndra ráðstöfunaraðila.

Þjónustuaðilar gera sjálfir samstarfssamning við ráðstöfunaraðila, án aðkomu Úrvinnslusjóðs. Þjónustuaðilinn greiðir ráðstöfunaraðilum fyrir þjónustu þeirra. Sjá skilmála fyrir ráðstöfunaraðila í kafla 4.

3.4 Upplýsingagjöf

Skilagrein þjónustuaðila er í sama formi hvort sem verið er að gera grein fyrir söfnun eða ráðstöfun eða hvoru tveggja. Í skilagreininni eru sérstök form fyrir söfnun og ráðstöfun og samantekt sem sýnir á einfaldan hátt hvað skilagreinin inniheldur og upphæð greiðslu ef um það er að ræða. Allar upplýsingar um verð og útreikninga vegna mismunandi vöruflokka eru innbyggðar í skilagreinaformið.

Skilagrein þjónustuaðila vegna söfnunar spilliefna. Skilagreinina er að finna á excel-formi á vef Úrvinnslusjóðs. Í skilagreinaforminu eru ítarlegar leiðbeiningar um útfyllingu og skil

Myndin hér fyrir neðan sýnir söfnunarhluta skilagreinaformsins.

SKILAGREIN ÞJÓNUSTUADILA VEGNA SÖFNUNAR						
Skilagrein 0	Þjónustuaðili	01.01.10	til	31.03.10	RAGEYM	
Ath. Fylla þarf út UPPRUNA fyrir öll skil						
S = Sveitarfélög F = Fyrirtæki L = Leiðrétting T = Þjónustuaðili A = Annað						
Skilagrein verður endursend, ásamt reikningi, ef upplýsingar vantar.						
Samtals uppgafið magn í sundurliðun 5 að neðan:				13.459	kg	
Kennitala úrgangshafa	Úrgangshafi	Póstnr. úrgangshafa	Dags. Söfnunar	Magn [kg]	Uppruni Sjá til hægri	
<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	
111111-9999	Úrgangshafi	550	10.01.10	4.567	F	
111111-9999	Úrgangshafi	550	10.02.10	3.214	F	
111111-9999	Úrgangshafi	550	10.03.10	5.678	F	

Myndin hér fyrir neðan sýnir ráðstöfunarhluta skilagreinaformsins.

SKILAGREIN ÞJÓNUSTUADILA VEGNA RÁÐSTÖFUNAR							
Samtals ráðstafað skv. sundurliðun hér að neðan :			15.258	kg	Þjónustuaðili		
Vörutegund	Rafgeymar	Vörunn	RAGEY		Skilagrein nr 000000-0000		
					Til ráðstöfunar 16.045		
Dagsetning kvittunar frá ráðstöfunar- aðila	Kennitala ráðstöfunar- aðila	Ráðstöfunaraðili	Ráð- stöfunar- land	Tegund ráðstöfunar Sjá hér til hliðar	Magn [kg]	Dags. Sendingar	Gámanúmer/ vigtarseðill
<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>
14.04.10	000000-0000	Rafgeymaendurvinnsla	Belgía	EV	15.258	30.03.10	XXXX454545-9

Myndin hér fyrir neðan sýnir uppgjörshluta skilagreinaformsins.

Útfyllist af Úrvinnslusjóði:

SAMANTEKT ÚR SKILAGREIN ÞJÓNUSTAÐILA VEGNA SÓFNUNAR NÚMÉR SKILAGREINAR:
 UPPGJÖRSÁR (Ráðst.):
 REIKNINGUR MÓTTEKINN:

RAGEYM

1 Vörutegund
Rafgeymar

Nafn þjónustuaðila:

2 Þjónustuaðili

Kennitala þjónustuaðila:

2 123456-7890

Tímabil uppgjors: til
 dd.mm.áá **3** **3** dd.mm.áá
 1. jan. 10 til 31. mar. 10

Birgðir frá **4** Birgðir frá **4** flutningsjöfnun **4**
 fyrra tímabili **4** frá fyrra tímabili **4**
 2.588 kg **4** 58.963 kr **4**

Heildarmagn til ráðstöfunar =
 Magn frá fyrra tímabili + 2.588
 Safnað á þessu tímabili 13.459
16.045 kg

Heildarflutningsjöfnun =
 Inneign frá fyrra tímabili + 58.963
 Áunnin inneign á tímabilinu 341.312
400.275 kr

Meðaltal flutningsjöfnunar =
 Heildarflutningsjöfnun
 Heildarmagni til ráðstöfunar **24.95 kr/kg**

Ráðstöfun

Rafgeymar	0 kg	EKKI ÚRV.S
Rafgeymar	15.258 kg	Skv. skilmálum
Endurgjald 9	335.676 kr	án vsk
Flutningsjöfnun 9	380.687 kr	án vsk
Samtals til greiðslu nú	889.036 kr	m/vsk

9 Efirstöðvar

Rafgeymar	Birgðir	787 kg	Færst á næstu skilagrein
Flutningsjöfnun	Inneign	19.588 kr	

9 Sendu iðnvæðst: Yttu á takkann

Muna viðhengi!

Undirskrift til staðfestingar því að skráðar upplýsingar séu réttar

F.h. **Þjónustuaðili**

Kennitala Úrvinnslusjóðs 530803-3680 SpillifniR

Samantekt á pósthúmer og flutningsjöfnun

Pnr	Póstfang	Sveitarf. [kg]	Magn [kg]	Fl.jöfn. einverð [kr]	Fl.jöfn. [kr]
100	Höfuðborgarsvæðið	0	0	0,00	0
190	Vogar	0	0	7,52	0
230	Reykjanesbær	0	0	10,10	0
240	Grindavík	0	0	10,60	0
300	Akranes	0	0	10,16	0
310	Borgarnes	0	0	11,73	0
320	Reykholttí Borgarfirði	0	0	13,93	0
340	Stykkishólmur	0	0	17,95	0
345	Flatey	0	0	23,68	0
350	Grundarfjörður	0	0	18,20	0
355	Ólafsvík	0	0	19,33	0
360	Hellissandur	0	0	19,96	0
370	Búðardalur	0	0	16,75	0
380	Króksfjarðarnes	0	0	19,64	0
400	Ísafjörður	0	0	35,79	0
415	Bolungarvík	0	0	35,72	0
425	Flateyri	0	0	35,79	0
430	Suðureyri	0	0	39,30	0
450	Patreksfjörður	0	0	32,33	0
460	Tálknafjörður	0	0	33,21	0
465	Bíldudalur	0	0	34,03	0
470	Þingeyri	0	0	32,83	0
500	Staður - Bæjarhreppur	0	0	17,13	0
510	Hólmavík	0	0	24,35	0
530	Hvammstangi	0	0	19,52	0
540	Blönduós	0	0	22,41	0
545	Skagaströnd	0	0	23,85	0
550	Sauðárkrúkur	0	13.459	25,36	341.312
560	Varmahlöð	0	0	25,61	0
565	Hofsós	0	0	27,62	0
580	Siglufjörður	0	0	31,33	0
600	Akureyri	0	0	31,51	0
610	Grenivík	0	0	33,96	0
611	Grímsey	0	0	44,48	0
620	Dalvík	0	0	33,02	0
625	Ólafsfjörður	0	0	34,09	0
630	Hrísey	0	0	36,84	0
640	Húsavík	0	0	37,29	0
650	Laugar	0	0	35,60	0
660	Reykjahlöð við Mývatn	0	0	37,73	0
670	Kópasker	0	0	43,39	0
675	Raufarhöfn	0	0	46,71	0
680	Þórshöfn	0	0	50,61	0
685	Bakkafjörður	0	0	50,11	0
690	Vopnafjörður	0	0	46,34	0
700	Egilsstaðir	0	0	48,16	0
710	Seyðisfjörður	0	0	49,92	0
720	Bakkagerði Borgarfirði	0	0	52,62	0
730	Reyðarfjörður	0	0	49,67	0
735	Eskifjörður	0	0	50,61	0
740	Neskaupstaður	0	0	52,05	0
750	Fáskrúðsfjörður	0	0	48,66	0
760	Breiðdalsvík	0	0	45,71	0
765	Djúpvogur	0	0	41,88	0
780	Höfn í Hornafirði	0	0	35,91	0
785	Fagurhólsmýri	0	0	28,94	0
800	Selfoss	0	0	10,72	0
801	Reykholt, Biskupstungi	0	0	13,11	0
815	Þorlákshöfn	0	0	10,35	0
820	Eyrarbakki	0	0	10,85	0
840	Laugarvatn	0	0	12,99	0
845	Flúðir	0	0	13,61	0
850	Hella	0	0	12,99	0
860	Hvolsvöllur	0	0	13,80	0
870	Vík í Mýrdal	0	0	18,83	0
880	Kirkjubæjarklaustur	0	0	23,41	0
900	Vestmannaeyjar	0	0	23,71	0
Samtals			13.459		341.312

3.5 Flutningsjöfnun – tafla

Myndin hér að neðan sýnir dæmi um flutningsjöfnunargreiðslur vegna spilliefna

Gildir frá 01.09.2009		Spilliefni önnur en olía og rafgeymar	Spilliefni : Einvörðungu rafgeymar	Spilliefni : Einvörðungu olía
Póst númer	Upprunastaður	Greitt í flutnings-jöfnun [kr/kg] án vsk	Greitt í flutnings-jöfnun [kr/kg] án vsk	Greitt í flutnings-jöfnun [kr/kg] án vsk
100	Reykjavík	0,00	0,00	0,00
190	Vogar	17,07	7,52	10,50
230	Reykjanesbær	22,92	10,10	14,10
240	Grindavík	24,06	10,60	14,81
300	Akranes	23,06	10,16	14,19
310	Borgarnes	26,62	11,73	16,38
320	Reykholt í Borgarfirði	31,61	13,93	19,46
340	Stykkishólmur	40,74	17,95	25,07
345	Flatey á Breiðafirði	53,74	23,68	33,07
350	Grundarfjörður	41,31	18,20	25,42
355	Ólafsvík	43,88	19,33	27,00

3.6 Gjaldskrá

Gildandi gjaldskrá á hverjum tíma er að finna á vef Úrvinnslusjóðs, www.urvinnslusjodur.is.

Myndin hér fyrir neðan sýnir gildandi gjaldskrá við útgáfu skilmálanna [kr/kg] án vsk.

Vörutegund	Vörunúmer	Fyrir allar vörur, eftir ráðstöfunarleiðum										
Heiti	Vörunúmer	EV	OV	MO	UR	UE	UU	FO	FR	UM	FU	AN
Framköllunarvökvar	FRMEFN							95		95		
Framköllunarvökvi eimaður	FRMEIM											
Halógeneruð efnasambönd	HALEFN							214				
Eimingarleifar frá efnalaugum	HALEIM				60							
Ísócyánöt	ISOSYA							126				
Kælimiðlar	KALMID	318						560				
Amalgam	KVIAMG							261				
Amalgamsíur	KVIAMS							727				
Leysiefni - formaldehyd	LEYFOR							102		102		
Leysiefni	LEYTER	104	104							104		104
Olíumálning	MALING		137							137		
Kítti og sparsl	MALKIT		141							141		
Ryðvarnarolía og smurfeiti	OLIRYD		109									
Úrgangsolía í smáílátum	OLISMU	86	86							86		
Prenthreinsiefni	PREHRE		107									107
Prentlitir	PRELIT		125									
Rafgeymar	RAGEYM	22										
Brúnsteinsrafhlöður	RAHBRU				141							
Hg rafhlöður	RAHKVI							1.267				
Li rafhlöður	RAHLIT							294				
NiCad rafhlöður	RAHNIK							397				
Óflokkaðar rafhlöður - söfnun	RAHOFL											
Fúavarnarefni	VARFUA		141									
Útrýmingarefni	VARUTR							217				

4. SKILMÁLAR FYRIR RÁÐSTÖFUNARAÐILA

Á vef Úrvinnslusjóðs, www.urvinnslusjodur.is er skrá yfir viðurkennda ráðstöfunaraðila. Nýir aðilar sem óska eftir viðurkenningu sem ráðstöfunaraðilar skulu kynna sér gögn og skilmála sem sjóðurinn setur.

4.1.1 Umsókn ráðstöfunaraðila

Þeir sem óska eftir að bætast á skrá Úrvinnslusjóðs yfir viðurkennda ráðstöfunaraðila fyrir spilliefni skulu skila umsókn til sjóðsins. Eyðublað er að finna í kafla 6.2.

Farið verður með framlagðar upplýsingar sem trúnaðarmál.

Ráðstöfunaraðilar skulu vera í skilum með opinber gjöld og lögboðin iðgjöld í lífeyrissjóði.

4.1.2 Ráðstöfun - Starfsleyfi

Upplýsingar um við hvaða spilliefnum er tekið á móti og hvernig þeim verður fargað eða hvernig þau eru endurnýtt skulu fylgja umsókn. Ráðstöfunaraðili skal hafa gilt starfsleyfi fyrir starfsemi sína. Ef hann hefur starfsstöð annars staðar en á Íslandi skal hann hafa leyfi stjórnvalda í móttökulandi til innflutnings í viðkomandi landi.

4.1.3 Tungumál

Upplýsingar um ráðstöfunaraðila og tækjabúnað hans mega vera á íslensku, dönsku, norsku, sænsku eða ensku.

4.1.4 Greiðslur

Engar greiðslur fara milli Úrvinnslusjóðs og ráðstöfunaraðila.

4.1.5 Vanefndir og uppsögn

Ráðstöfunaraðili skal í einu og öllu rækja skyldur sínar samkvæmt skilmálum þessum. Vanefni hann þær er Úrvinnslusjóði heimilt að fella nafn hans af lista yfir viðurkennda ráðstöfunaraðila. Þar með brestur grundvöllur fyrir greiðslum til þjónustuaðila vegna spilliefna sem ráðstafað er til viðkomandi ráðstöfunaraðila.

Dæmi um hugsanlegar aðgerðir er skoðast sem vanefndir:

- Erlendur ráðstöfunaraðili hefur ekki endurnýjað innflutningsleyfi sitt.
- Ráðstöfunaraðili hefur ekki endurnýjað starfsleyfi sitt.
- Staðfestingum um móttekið magn er ábótavant.
- Uppsöfnun efna hjá ráðstöfunaraðila er umfram starfsleyfi eða meiri en eðlilegt megí teljast vegna vinnslunnar.

Safn spilliefna hjá ráðstöfunaraðila er aldrei á ábyrgð Úrvinnslusjóðs.

4.1.6 Umsjón og eftirlit

Umsjón og eftirlit með verkinu verður í höndum Úrvinnslusjóðs og fulltrúa hans. Úrvinnslusjóði er heimilt á samningstíma að athuga uppgjör, vigtun, birgðastöðu og annað er að verki lýtur.

5. VIÐAUKAR

5.1 Úr lögum um úrvinnslugjald

I. KAFLI

Markmið og skilgreiningar.

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að skapa hagræn skilyrði fyrir endurnotkun og endurnýtingu úrgangs í þeim tilgangi að draga úr magni úrgangs sem fer til endanlegrar förgunar og tryggja viðeigandi förgun spilliefna.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í lögum þessum er merking orða og orðasambanda sem hér segir:

1. *Endurnotkun*: endurtekin notkun úrgangs í óbreyttri mynd.
2. *Endurnýting*: hvers konar nýting úrgangs, önnur en endurnotkun, þ.m.t. endurvinnsla og orkuvinnsla.
3. *Endurnýtingarstöð*: staður og aðstaða þar sem endurnýting úrgangs fer fram.
4. *Förgun úrgangs*: aðgerð eða ferli þegar úrgangi er umbreytt og/eða komið fyrir varanlega, svo sem urðun og sorpbrennsla.
5. *Móttökustöð*: staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi til geymslu til lengri eða skemmri tíma, til umhleðslu, flokkunar eða annarrar meðhöndlunar. Þaðan fer úrgangurinn til förgunar, endurnýtingar, endurnotkunar eða honum er fargað á staðnum. Undir móttökustöð falla flokkunarmiðstöðvar og förgunarstaðir.
6. *Söfnunarstöð (gámastöð)*: staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi frá almenningi og/eða smærri fyrirtækjum. Þaðan fer hann til endurnotkunar og endurnýtingar eða er fluttur til móttökustöðva.
7. *Úrgangur*: hvers kyns efni eða hlutir sem einstaklingar eða lögaðilar ákveða að losa sig við eða er gert að losa sig við á tiltekinn hátt og falla undir lög þessi.
8. *Úrvinnsla úrgangs*: söfnun, geymsla, böggun, flokkun, flutningur, endurnotkun, endurnýting, pökkun og förgun úrgangs.

II. KAFLI

Úrvinnslugjald og ráðstöfun þess.


3. gr.

Almennt um gjaldtöku.


Til að stuðla að úrvinnslu úrgangs skal leggja úrvinnslugjald á vörur, eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum þessum. Leggja skal úrvinnslugjald á vörur hvort sem þær eru fluttar inn til landsins eða framleiddar hér á landi.

Úrvinnslugjald skal standa undir kostnaði við meðferð flokkaðs úrgangs á söfnunarstöð, flutning hans frá söfnunarstöð til móttökustöðvar eða endurnýtingarstöðvar, enda hafi verið greitt úrvinnslugjald af vörunum. Þá skal gjaldið standa undir endurnýtingu úrgangsins og förgun hans eftir því sem við á. Jafnframt skal gjaldið standa undir kostnaði við förgun þess úrgangs sem blandast hefur vöru sem greitt hefur verið úrvinnslugjald af, enda sé blöndunin hluti af eðlilegri notkun vörunnar. Úrvinnslugjald skal standa undir kostnaði vegna greiðslu skilagjalda og vegna starfsemi Úrvinnslusjóðs.

5.2 Flæðirit – stór mynd



5.3 Verkpættir þjónustuaðila – stór mynd



6. EYÐUBLÖÐ

6.1 UMSÓKN ÞJÓNUSTUAÐILA TIL ÚRVINNSLUSJÓÐS

„Förgun spilliefna“ UMSÓKN

Til Úrvinnslusjóðs
Suðurlandsbraut 24
108 – Reykjavík

Merkja skal í reitina að neðan til staðfestu þess að tilgreindar upplýsingar fylgi umsókn.

Almennar upplýsingar

- Starfsleyfi og starfsleyfisskilyrði.
- Almennar upplýsingar um fyrirtækið og starfsemi þess.
- Fjöldi starfsmanna, menntun/reynsla.
- Nöfn sérfræðinga sem vinna hjá þjónustuaðila eða sem þjónustuaðili hefur aðgang að (sjá 2.1.4)
- Upplýsingar um gæðastefnu og/eða gæðavottun, séu þær fyrir hendi.
- Upplýsingar um umhverfisstefnu fyrirtækisins.
- Yfirlit yfir helstu verkefni, unnin á sl. 2 árum.
- Staðfesting á að viðkomandi sé í skilum með opinber gjöld og lífeyrisgreiðslur.
- Yfirlýsing frá aðalviðskiptabanka um skilvísi í viðskiptum.

Upplýsingar er varða verkefnið

- Hvernig umsækjandi hyggst vinna verkið.
- Hvaða tækjabúnað á að nota.
- Almennar upplýsingar um undirverktaka (ef einhverjir).
- Gögn um leyft hámarks magn ákveðinna efna sem mega vera í einu í umsjá eða meðhöndlun hjá þjónustuaðila, eða önnur takmarkandi skilyrði af hálfu yfirvalda.
eða
- Yfirlýsing fyrirtækis um að engar takmarkanir séu í gildi.

SAMNINGSFORM

Verkkaupi	Úrvinnslusjóður	Þjónustuaðili	
Kennitala	530803-3680	Kennitala	
Heimilisfang	Suðurlandsbraut 24 108-Reykjavík	Heimilisfang	
Sími	517 4700	Sími	
Myndsendir	517 4709	Myndsendir	
Netfang	urvinnslusjodur@urvinnslusjodur.is	Netfang	

Krossa skal í viðeigandi reit "A" eða "B".

A	Starfsleyfi kveður á um takmarkað magn ákveðinna spilliefna í starfsstöð þjónustuaðila. Fjöldi fylgiskjala er _____.
B	Engin magntakmörkun er í starfsleyfi þjónustuaðila.

Framkvæmd skal vera í samræmi við skilmála nr. **ÚRVS-01-2009** með hugsanlegum síðari breytingum.

Gildandi skilmálar eru á vef Úrvinnslusjóðs á hverjum tíma: <http://www.urvinnslusjodur.is>

Fyrir verkið greiðir Úrvinnslusjóður samkvæmt gildandi gjaldskrá sjóðsins á hverjum tíma.

Starfsleyfi þjónustuaðila gildir til: _____

Samningur þessi er gerður í 2 samhljóða eintökum, eitt fyrir hvorn samningsaðila og gildir jafn lengi og starfsleyfi gildir. Gera skal nýjan samning við endurnýjun starfsleyfis.

Staður og dagsetning _____

F.h. Úrvinnslusjóðs

F.h. þjónustuaðila

Vottar

kt. _____

kt. _____

Að samningi gerðum verður nafni þjónustuaðila bætt á lista sjóðsins á vefsíðunni www.urvinnslusjodur.is.

6.2 UMSÓKN RÁÐSTÖFUNARAÐILA TIL ÚRVINNSLUSJÓÐS

„Förgun spilliefna“

Til Úrvinnslusjóðs
Suðurlandsbraut 24
108 – Reykjavík

Ráðstöfunaraðili	
Kennitala	
Heimilisfang	
Borg / bær	
Land	
Forsvarsmáður	
Sími	
Myndsendir	
Netfang	

Merkja skal í reitina að neðan til staðfestu þess að tilgreindar upplýsingar fylgi umsókn.

Almennar upplýsingar

- Starfsleyfi og starfsleyfisskilyrði
- Almennar upplýsingar um fyrirtækið og starfsemi þess.

Upplýsingar er varða verkefnið

- Hvernig ráðstöfunaraðilinn hyggst endurnýta/endurnota/farga spilliefnum.
- Ráðstöfunaraðili hyggst taka á mót og ráðstafa spilliefnum og/eða aukaefnum sem tilheyra þeim spilliefnaflokkum sem krossað er við:

IV	V	VI	VII	VIII	IX	X	XI	XII	XIII	XIV	XV

f. h. ráðstöfunaraðila

Ef gögn teljast fullnægja kröfum Úrvinnslusjóðs mun upplýsingum um ráðstöfunaraðilann verða bætt á lista sjóðsins á vefsíðunni www.urvinnslusjodur.is en annars verður óskað ítarlegri gagna.